



Áfangalýsing ML

Titill:	Fjármálalæsi
Námsgrein:	Stærðfræði
Viðfangsefni:	Fjármálalæsi og bókfærsla
Skammstöfun:	STÆR1FB05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Nemendur eru þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru í stærðfræði og bókfærslu. Nemendur eiga að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Lögð er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð á eigin námsframvindu. Farið verður í hluti eins og bókfærslu og fjármálalæsi. Einnig nýting á viðeigandi forritum t.d. Excel og GeoGebra.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• Virkni fjármálamarkaðar og reglum markaðarins• mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir fjármál sín, kunna skil á einföldum vaxtaútreikningum• Kunna að setja upp bókhald og helstu lögmálum bókfærslu• Að færa bókhald í töflureikni
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• skilja helstu kröfur samfélagsins og leikreglur banka og fjármálastofnana þegar kemur að standa á eigin fótum og bera ábyrgð á eigin fjármálum.• geta fært bókhald og skilja forsendur og nauðsyn þess að hafa yfirsýn yfir fjármál fjölskyldunnar og fyrirtækis.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• Geta túlkað og skilið tilboð banka og annarra fjármálafyrirtækja á markaði.• geta metið hagstæðustu og skynsömustu kosti og leiðir sem í boði eru í lánveitingum á fjármálamarkaði.• geta framkvæmt einfalda vaxtaútreikninga á lánum.